



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
b.t. fjárlaganefndar

Reykjavík 20. október 2022

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

2210005SA SAS
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um fjárlagafrumvarp 2023

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn sambandsins um frumvarp til fjárlaga 2023. Þakka ber nefndinni fyrir að gefa sambandinu frest til að skila umsögninni.

Það á að vera sameiginlegt keppikefli ríkis og sveitarfélaga að styðja við fjárhagslega sjálfbærni sveitarfélaga. Miklar efasemdir eru um hvort sveitarfélögin séu fjárhagslega sjálfbær í bráð og lengd miðað við núverandi tekjustofna og þau verkefni sem þeim hefur verið falið að sinna. Óbreytt fjármögnun þeirra er ávísun á að sveitarfélög sjái sig knúin til að draga úr þjónustu, í stað þess að bregðast við þörf um að bæta og nútímavæða þjónustu, með innleiðingu tæknilausna. Sambandið leggur höfuðáherslu á að fjárlaganefnd bregðist við eftirfarandi atriðum með nauðsynlegum breytingum á frumvarpinu:

- Sveitarfélögin vantar 12-13 ma.kr. til að fjármagna **þjónustu við fatlað fólk**. Alþingi verður að grípa strax inn í þessa þróun enda ógnar staðan bæði fjárhagslegri sjálfbærni sveitarfélaga og gæðum og framþróun þjónustu við þennan hóp. Það er ekki tækt að samþykkja ný fjárlög án þess að taka á þessum vanda.
- Fjármagn til **NPA samninga** er verulega vanáætlað og innleiðing er langt frá þeirri áætlun sem lögfest var árið 2018. Nauðsynlegt er að hækka fjárframlög til málaflokksins og að samið verði um framtíðarfyrirkomulag á fjármögnun þessa þjónustuforms.
- **Börnum með fjölþættan** vanda er að fjölga. Á sama tíma hefur ríkið dregið úr þjónustu við þennan hóp sem bitnar fjárhagslega á sveitarfélögum. Þung áhersla er lögð á það af hálfu sambandsins að fyrir aðra umræðu um fjárlagafrumvarp komi fram tillaga um fjármögnun fyrir þennan hóp. Þá kalla sveitarfélögin eftir því að ríkið axli sína ábyrgð og að gengið verði frá skýrri kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við þennan hóp.
- Auka þarf fjármagn til að styðja við **menntun og velferð barna af erlendum uppruna**. Aðkallandi er að auka fjármagn til stuðnings til sveitarfélaga

vegna móttöku barna á flóttu. Jafnframt þarf að skoða hvort nægilegt fjármagn renni til sveitarfélaga til að innleiða samræmda farsældarþjónustu í þágu barna.

- Óskiljanlegt er að í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir fjármögnun samkomulags sem gert var á árinu um **fjármögnun hjúkrunarheimila**.
- Tryggja þarf fjármögnun **rammasamnings um húsnæðisuppbyggingu**. Rammasamningur ríkis og sveitarfélaga um aukið framboð íbúða 2023-2032 og sameiginlega stefnu í húsnæðismálum markar tímamót í þeim efnum. Fjármögnun stofnframlaga og hlutdeildarlána er lykilþáttur til að tryggja framgang verkefnisins.
- Augljóst er að fjármálaáætlun og fjárlög þurfa að endurspeglu helstu áskoranir sem hið opinbera stendur frammi fyrir á hverjum tíma, þannig að fjárheimildir styðji við helstu umbótaverkefni ásamt því að stuðla að atvinnuuppbyggingu. Í þessu samhengi má sérstaklega nefna að á næsta ári þarf að ljúka **innleiðingu hringrásarhagkerfis** og að framundan er **átak til að efla brunavarnir** um allt land og að þörf er á að ráðstafa a.m.k. hluta af brunaöryggisgjaldi til sveitarfélaga. Á sama hátt er algerlega óviðunandi að **ríkið stingi í eigin vasa stærstum hluta skipulagsgjalds**, á sama tíma og HMS og sveitarfélögin eru í sameiginlegu átaki til að fjölga íbúðarhúsnæði. Varðandi eflingu atvinnustarfsemi er tilefni til að **lýsa óánægju sveitarfélaga með hlutdeild þeirra í fiskeldisgjaldi**.
- Í umsögnum landshlutasamtaka sveitarfélaga er lýst miklum áhyggjum af **fjármögnun grunnþjónustu á borð við heilsugæslu og löggæslu** um allt land. Einnig er lýst **áhyggjum af framlögum til atvinnu- og byggðapróunar**. Að **draga úr fjármögnun til byggðamála** gengur þvert gegn nýsamþykktu byggðáætlun. Lögð er áhersla á að sú **lækkun verði dregin til baka og að áfram verði haldið inni 100 m.kr. hækkun til sóknaráætlana landshlutanna**.

Nánari rökstuðning fyrir framangreindu og umfjöllun um fjárhagsstöðu sveitarfélaga og fleiri þætti frumvarpsins má finna hér að aftan.

Fjárhagsstaða sveitarfélaga

Athugun á rekstri 20 stærstu sveitarfélaga landsins á fyrri helmingi þessa árs leiðir í ljós að 18 þeirra voru rekin með tapi. Að meðaltali nam hallinn 8,7% af tekjum. Í fjárhagsáætlunum þessara sveitarfélaga gerðu þau ráð fyrir hallarekstri sem svarar 1,7% af tekjum. Allt útlit er fyrir að halli verði einnig á rekstri sveitarfélaga á næsta ári. Gangi það eftir blasir við fjögurra ára samfelldur rekstrarhalli og yrði það einsdæmi í sögunni.

Stærstu sveitarfélögin taka auk rekstrarreiknings saman efnahagsreikning og yfirlit um sjóðstreymi. Veltufé frá rekstri fimm stærstu sveitarfélaga landsins reyndist neikvætt um 1% af tekjum. Þar skiptir mestu að veltufé frá rekstri var verulega neikvætt hjá Reykjavíkurborg, um 4,6% af tekjum. Að

meðaltali var veltufé frá rekstri jákvætt um 3,8% í hinum fjórum sveitarfélögunum. Meginskýringin á fjárhagsvanda sveitarfélaga er ört vaxandi halli á þjónustu við fatlað fólk, en til viðbótar má nefna vaxandi verðbólgu og hækkun vaxta.

Á sama tíma standa sveitarfélögin frammi fyrir miklum áskorunum í sínum rekstri og innviðauppbyggingu. Mikil þörf er fyrir uppbyggingu húsnæðis, langir biðlistar eru eftir félagslegu húsnæði og sérhæfðum húsnæðisúrræðum fyrir fatlað fólk og aldraða. Krafa er um að fleiri sveitarfélög gangi inn í samkomulag um samræmda móttöku flóttamanna og þannig mætti áfram telja. Einnig þurfa sveitarfélög að laga sig að breyttum heimi með stafrænni umbreytingu og með aðgerðum á sviði loftslagsmála og úrgangsmála. Ljóst er að svigrúm sveitarfélaga til að mæta þessum áskorunum er skert vegna hallareksturs og aukinna skulda sem af því leiðir.

Tekjustofnar og sjálfbærni

Í samkomulagi ríkisins og sambandsins f.h. sveitarfélaga um afkomu og efnahag sveitarfélaga frá september 2020 var ákveðið að skipa tekjustofnanefnd til „að leita lausna til að auka fjárhagslega sjálfbærni sveitarfélaga þannig að þjónusta við íbúana verði sem best tryggð.“ Fulltrúar sveitarfélaga í nefndinni lögðu fram eftirfarandi tillögur um margvíslegar aðgerðir til að styrkja tekjustofna sveitarfélaga og draga varanlega úr útgjöldum þeirra. Lítil viðbrögð hafa komið af hálfu ríkisins við þessum tillögum. Ósætti í nefndinni leiddi til þess að hún var lögð niður án þess að skila niðurstöðu.

Auknar tekjur	Aðgerð	Lauslegt mat, ma.kr
Útsvar	Breyting á meðferð skattlagningu ehf	2,5
Innheimtupóknun útsvars	Lækkuð niður í raunkostnað	0,7
Gistináttagjald	Færst til sveitarfélaga	2,5
Fasteignaskattur af orkumannvirkjum	Undanþágur afnumdar í áföngum	3,5
Fasteignaskattur	Mánaðarleg álagning fasteignaskatts	0,2
Auðlindagjald á fiskeldi	Tekjur færst til sveitarfélaga	0,3
Innheimtustofnun sveitarfélaga	Innheimtustofnun færst til ríkisins	0,6
Börn með fjölþættan vanda	Auknar tekjur Jöfnunarsjóðs, framlög til svf	2,0
Málefni fatlaðs fólks	Auknar tekjur Jöfnunarsjóðs, framlög til svf	9,0
Alls		21,3
Lækkun útgjalda		
Sérstakar húsnæðisbætur	Verkefnið flyst til ríkisins	2,4
Endurgjaldslausar lóðir	Kvöð um lóðir án endurgjalds afnumin	0,2
Bygging framhaldsskóla/hjúkrunarheimila	Afnám 15%/40% þátttöku í byggingarkostnaði	0,3
Alls		2,6
Samtals		23,9

Alls er hér um að ræða auknar tekjur sem lauslega má gera ráð fyrir gætu numið um 21 ma.kr. Hér má nefna tillögu að breytingu á skattlagningu einkahlutafélaga sem varðar mjög sveitarfélögin. Vakin er athygli á að skv. þingmálaskrá ráðgerir fjármálaráðherra að flytja frumvarp um breytingu á lögum um tekjuskatt í þessa veru. Lagt er til að undanþágur á fasteignamati á orkumannvirkjum verði afnumdar. Innheimtustofnun sveitarfélaga flytjist alfarið til ríkisins án þess að framlög jöfnunarsjóðs skerðist. Stóru fjárhæðirnar lúta að því bæta hallann á fjármögnun við þjónustu fatlaðs fólks. Þá leggur sambandið einnig til að ríkið taki að sér sérstakar húsnæðisbætur (án þess að á móti komi tekjulækkun hjá sveitarfélögum), að kvöð um að sveitarfélög láti ríkinu í té lóðir án endurgjalds verði afnumin og loks að ákvæði um að sveitarfélög taki þátt í byggingarkostnaði framhaldsskóla og hjúkrunarheimila verði felld úr gildi. Samanlagt myndu þessar tillögur bæta hag sveitarfélaga um sem svarar nær 24 ma.kr. Markmið þessara tillagna er að „auka fjárhagslega sjálfbærni sveitarfélaga þannig að þjónusta við íbúana verði sem best tryggð.“

Með fjárhagslegu sjálfbærni er átt við að opinberar skuldbindingar séu viðráðanlegar og sanngjarnar gagnvart komandi kynslóðum – án þess að gengið sé á eignir eða gæði þjónustu. Það er lauslegt mat sambandsins að sveitarfélög þurfi að skila veltufé frá rekstri sem nemur 9% af tekjum þeirra til að fjárhagur þeirra geti talist sjálfbær. Þannig geti þau haldið skuldum í jafnvægi og lagt til fjármuni til framkvæmda. Rekstur undanfarinna ára hefur

skilað veltufé sem er langt undir þessu viðmiði. Í fyrra nam það þannig einungis 3,8% og 4,9% árið áður. Veltufé hefði þurft að vera 20 ma.kr. hærra til að ná 9% markinu. Athugun á rekstri fimm fjölmennustu sveitarfélögunna á fyrstu sex mánuðum ársins sýnir að veltufé frá rekstri þeirra var neikvætt eins og áður segir.

Í umræðu um fjárhagsvanda sveitarfélöga hafa verið nefndar ýmsar leiðir til þess að auka tekjur sveitarfélöga, svo sem með fullnýtingu tekjustofna og hækkun þjónustugjalda. Í slíkri umræðu verður ávallt að hafa í huga að sveitarfélögin starfa ekki í tómarúmi. Við gerð kjarasamninga kemur t.d. iðulega fram ákall um að sveitarfélög tempri gjaldskrárhækkanir. Ljóst er að sveitarfélögin hafa komið verulega til móts við slíkar kröfur sem sést líklega skýrast á því hve hlutdeild þjónustugjalda hefur lækkað hratt á undanförunum 20 árum sem hlutfall af rekstrarkostnaði leikskóla. Með því að hækka leikskólagjöld upp í það hlutfall sem tíðkaðist almennt í byrjun þessarar aldar væri mögulegt að auka heildartekjur sveitarfélöga um 10 ma.kr. En hætt er við að slík stefnubreyting myndi hleypa öllu í bál og brand á vinnumarkaði og valda kröfum um launahækkanir með tilheyrandi verðbólguáhrifum. Af þessum ástæðum, og í ljósi þess að leikskólar eru í lögum skilgreindir sem fyrsta skólastigið, er vaxandi ákall af hálfu sveitarfélöga og raunar fleiri aðila um að tekjustofnar sveitarfélöga þurfi að taka tillit til vaxandi krafna um faglega þjónustu við börn á aldrinum 0-6 ára.

Annað sem þarf að hafa í huga í umræðu um tekjustofna sveitarfélöga og tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélöga er að aðstæður sveitarfélöga eru misjafnar. Viðræður um réttlátari tekjuskiptingu þurfa að taka mið af því og má segja að ákveðinn áfangi hafi náðst með tillögum undirnefndar tekjustofnanefndar sem fjallaði um breytingar á Jöfnunarsjóði sveitarfélöga. Frekari breytinga er samt augljóslega þörf og má m.a. nefna nauðsyn þess að styrkja tekjugrundvöll sveitarfélöga sem eru í örum vexti.

Í rammamálum ríkis og sveitarfélöga um húsnæðismál er gert ráð fyrir að í viðræðum við einstök sveitarfélög geti komið til umræðu aðgerðir sem styðja við innviðapörf auk þess að taka mið af sérstökum þörfum innan viðkomandi sveitarfélags eða svæðis. Ef vilji löggjafans er að ljá þessu ákvæði 4. gr. samningsins inntak verður það aðeins gert með beinum fjárheimildum.

Helstu áherslumál

Fjármögnun málefna fatlaðs fólks

Eins og fram hefur komið glíma sveitarfélögin við fjölmargar áskoranir í fjármálum. Sá vandi sem brýnast er að leysa varðar fjármögnun þjónustu við fatlað fólk. Ráða má af fyrirbyggjandi umsögnum sveitarfélöga um fjárlagafrumvarpið hversu þungt hljóð er í sveitarstjórnunum. Á landsþingi

Sambands íslenskra sveitarfélaga í september sl. var samþykkt svohljóðandi ályktun:

Fjárhagsstaða sveitarfélaga á Íslandi er grafalvarleg. Frá árinu 2019 hefur sveitarfélögum sem ekki uppfylla lágmarksviðmið um fjárhagslega sjálfbærni og eru undir eftirliti eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga fjölgað úr 12 í 30. Vanfjármögnun vegna þjónustu við fatlað fólk er ein megin orsök fjárhagsvanda margra sveitarfélaga. Ítarleg greining starfshóps félagsmálaráðherra um rekstur málaflokks fatlaðs fólks sýnir að hallinn á málaflokknum árið 2020 nam 8,9 milljörðum króna. Ætla má að hallinn nemi nú um 12 til 13 milljörðum króna.

Í yfirstandandi viðræðum sveitarfélaga og ríkisins leggur sambandið þunga áherslu á að fá fjárhagslega leiðréttingu frá ríkinu til að standa undir útgjöldum sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk, en gríðarlegur vöxtur útgjalda er einkum til kominn vegna aukinna krafna í löggjöf og reglum um hærra þjónustustig. Mikilvægt er að niðurstaða viðræðna liggi fyrir eigi síðar en 1. desember 2022 og að sveitarfélögin fái þá strax leiðréttingu. Jafnframt lýsir sambandið þeim vilja að teknar verði upp viðræður við ríkið um framtíðarfyrirkomulag og fjármögnun þjónustu við fatlað fólk.

Sveitarstjórnarlög kveða á um skyldu stjórnvalda að kostnaðarmeta þau verkefni sem sveitarfélögum er falið að sinna. Þjónusta við fatlað fólk er stórlega vanfjármögnuð af hálfu ríkisins og vegur að möguleikum sveitarfélaga til að ná sjálfbærni í rekstri. Enginn ávinningur er af því fyrir ríkið og samfélagið í heild að sveitarfélög reki verkefni með halla eða taki að sér ný verkefni sem ekki eru fjármögnuð.

Eins og fram kemur í ályktuninni er lögð áhersla á að niðurstöður viðræðna við ríkið um kostnaðarskiptingu liggi fyrir 1. desember nk.

Á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 13. október sl. viðraði innviðaráðherra áform um að hækka útsvarsprósentu um 0,26 prósentustig og lækka öll skattþrep í tekjuskattsálagningu um sama hlutfall. Útsvarstekjur myndu við þetta aukast um rúmlega 5 ma.kr. og fara til útdeilingar í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til að mæta halla á rekstri þjónustu við fatlað fólk. Um væri að ræða uppígreiðslu þar til greining og fullnaðaruppgjör nefndar sem hefur málið til umfjöllunar liggur fyrir, en þess er vænst að nefndin skili af sér fyrir 1. desember nk.

Sambandið telur jákvætt að ráðherra hafi þannig viðurkennt að þennan vanda þurfi að leysa. En jafnframt er bent á að málið virðist ekki hafi verið rætt í ríkisstjórn og nokkur óvissa virðist vera um stöðu málsins. Sambandið

Ítrekar jafnframt á að hallinn á þessu ári verður væntanlega um 12-13 ma.kr. og hugsanlega um 15 ma.kr. á næsta ári og 5 ma.kr. tekjuauki dugi því skammt þegar horft er til áskorana í málaflokknum.

Tilfni er jafnframt til að áréttta að eingöngu er hægt að líta á þetta útspil innviðaráðherra sem fyrsta boð af hálfu ríkisins og að ganga þarf til formlegra viðræðna á jafnréttisgrundvelli til að ganga frá formlegri lausn vandans.

NPA samningar

Í umsögnum Reykjavíkurborgar og NPA miðstöðvarinnar er farið ítarlega yfir stöðuna varðandi NPA samninga og tekur sambandið undir það sem þar kemur fram um nauðsyn þess að ríkið veiti meira fjármagni til þessa þjónustufoms. Í bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 38/2018 kemur fram að fjármögnun NPA samninga sé samstarfsverkefni milli ríkis og sveitarfélaga. Í ákvæðinu segir að á innleiðingartímabilinu frá 2018 til 2022 veiti ríkissjóður framlag til tiltekins fjölda NPA samninga og nemur framlag ríkissjóðs 25% af heildarkostnaði hvers samnings. Framlagi ríkisins er ráðstafað í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á grundvelli umsókna frá sveitarfélögum, en eftir árið 2022 er gert ráð fyrir að fjármögnun NPA samninga verði að fullu á höndum sveitarfélaga. Nú ríkir því veruleg óvissa hjá fötluðu fólki og aðstoðarfólki þess um hvað taki við eftir næstu áramót. Að áliti sambandsins er augljóst að innleiðingartímabili NPA er fjarri því lokið.

Afstaða sveitarfélaga er óbreytt um að það hafi staðið þessari þjónustu fyrir þrifum að ríkið hefur verið ófáanlegt til að hækka kostnaðarhlutdeild sínar úr 25% í 30%. Enn bagalegra er að aldrei hefur náðst niðurstaða um fjármagn frá ríkinu til að fjármagna hjúkrunarþátt þjónustunnar, en það var frá upphafi ein helsta krafa sveitarfélaga. Fyrir vikið hafa NPA samningar leitt til þess að sveitarfélög eru að axla kostnað sem að réttu ætti að falla undir heilbrigðiskerfið. Við þetta verður ekki unað.

Sambandið getur í meginatriðum tekið undir útreikninga sem fram koma í umsögn NPA-miðstöðvarinnar um að miðað við þær forsendur sem þar eru skilmerkilega raktar þyrfti framlag á fjárlögum til NPA þjónustu að lágmarki að hækka úr 720 m.kr. í 1.180 m.kr. á árinu 2023. Í raun er sú fjárhæð þó líklega of lág eins og rakið er í umsögninni.

Börn með fjölþættan vanda

Þjónusta við börn með flókinn og fjölþættan vanda hefur vaxið mikið án þess að því hafi fylgt fjármagn. Sveitarfélög hafa í auknum mæli nýtt sér einkarekinn búsetuúrræði til að koma á móts við vanda þessara barna og fjölskyldna þar sem úrræði Barnaverndarstofu, nú Barna- og fjölskyldustofu, hafa ekki verið tiltæk. Kostnaðurinn hefur að langmestu leyti lagst á herðar sveitarfélaga þó svo að um þriðja stigs þjónustu sé að ræða.

Í umsögn Reykjavíkurborgar er gerð ítarleg grein fyrir þörf á fjármögnun úrræða fyrir börn með fjölþættan vanda. Þessi vandi hefur einnig verið umfjöllunarefni í umsögnum sambandsins um fjárlagafrumvörp undangenginna ára en hann fer vaxandi og er heildarkostnaður nú á bilinu 2-3 ma.kr. Nú er að störfum starfshópur sem ætlað er að leggja fram tillögur á næstu vikum um lausnir. Þung áhersla er lögð á það af hálfu sambandsins að fyrir aðra umræðu um fjárlagafrumvarp komi fram tillaga um fjármögnun. Þá kalla sveitarfélögin eftir því að ríkið axli sína ábyrgð og að gengið verði frá skýrri kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við þennan hóp.

Börn af erlendum uppruna

Síðustu misseri hefur fólki í leit að alþjóðlegri vernd fjölgað mjög mikið. Stríð í Sírylandi og Úkraínu hafa m.a. aukið flóttamannastraum hingað til lands mjög verulega. Mikilvægt er að búa vel að þessu fólki en til þess að svo megi verða þarf að vera skýrt hvernig fjármögnun kostnaðar við móttöku flóttafólks og hælisleitenda er háttáð. Þá er mikilvægt að álag vegna þessa, m.a. varðandi húsnæðisframboð og skólagöngu dreifist á sem flest sveitarfélög og landshluta. Í þeim tilgangi hafa ríkið og sambandið gert rammisamkomulag um samræmda móttöku flóttafólks. Við gerð þess samkomulags var gerður fyrirvari af hálfu samningsaðila um að koma þyrfti til sérstakt framlag vegna kostnaðar sem hlýst af skólagöngu barna.

Í september sl. tilkynnti mennta- og barnamálaráðherra að sveitarfélögum stæði nú til boða að sækja um fjárhagslegan stuðning vegna móttöku barna á flóttu. Er þar miðað við 200.000 kr. fyrir hvert barn á aldrinum 6-18 ára og 125.000 kr. vegna barna 0-5 ára. Þessi stuðningur er jákvætt skref en því miður telja sveitarfélögin að fjárhæðin dugi engan veginn til að veita þessum börnum nauðsynlega þjónustu. Sambandið hvetur því fjárlaganefnd Alþingis til að tryggja hærri fjárframlög til þessa mikilvæga verkefnis.

Hjúkrunarheimili

Í apríl sl. var gerður þjónustusamningur um rekstur hjúkrunarheimila til næstu þriggja ára. Ástæða er til að benda á nokkra þætti í fyrirliggjandi frumvarpi til fjárlaga sem kollvarpa rekstrarforsendum í samningnum og nauðsynlegt er að fjárlaganefnd leiðrétti. Alls er hér um að ræða um 3 ma.kr.

- **Vinnutími í vaktavinnu.** Í meðförum fjárlaganefndar á fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2022 var 1.200 m.kr. bætt við vegna þessa. Ekki verður séð að nein framlög séu fyrirhuguð vegna þessa.
- **Verðlagsforsendur.** Í 9. gr. þjónustusamningsins eru ákvæði um verðlagsuppfærslu. Miðað við forsendur fjárlagafrumvarpsins ættu framlög til hjúkrunarheimila vegna verðlagshækkana að hækka um 1,8% eða 754 m. kr. Ekki er tekið tillit til þessa í fyrirliggjandi frumvarpi.

- **Útlagasjóður.** Ekki er gert ráð fyrir greiðslum í svokallaðan útlagasjóð hjúkrunarheimila. Í aðdraganda nýrra þjónustusamninga var því lýst yfir að heilbrigðisráðuneytið myndi beita sér fyrir framlögum í fjárlögum. Hér vantar 30 m. kr.
- **Hjúkrunarþyngd.** Það er mat sambandsins að hér þurfi að tryggja 500 m. kr. vegna hjúkrunarþyngdar árið 2023 til að tryggja að greiðslur séu í samræmi við raunverulegar þarfir og ástand heimilisfólks á hjúkrunarheimilum.
- **Smæðarálag.** Undanfarin ár hafa verið veittar viðbótargreiðslur til líttilla hjúkrunarheimila til að styðja þau í afar erfiðum rekstri, en mörg sveitarfélög á landsbyggðinni reka einmitt lítil heimili. Talið er að um 500 m.kr. vanti

Að öðru leyti tekur sambandið undir umsögn Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu.

Húsnæðis- og skipulagsmál

Líkt og rakið er að framan urðu þau tímamót á árinu að undirritaður var rammisamningur um húsnæðismál. Markmið samningsins er að tryggja nægilegt og stöðugt framboð íbúðarhúsnæðis um allt land í samræmi við þörf. Stafrænir innviðir, þ.e. mannvirkjaskrá og húsnæðisáætlanir, munu verða grunnur að stóruknum fyrirsjáanleika um stöðu uppbyggingarverkefna um allt land, á öllum stigum byggingarferils.

Viðræður eru hafnar á milli HMS og sveitarfélaga um útfærslu þeirra markmiða sem fram koma í rammisamningnum. Einnig er hafin vinna við framkvæmd margra þeirra aðgerða sem fram koma í viðauka við samkomulagið. Um er að ræða fjölmargar aðgerðir sem ætlað er að styðja við markmið samkomulagsins um aukna skilvirkni og fyrirsjáanleika, ásamt því að geta stuðlað að lækun byggingarkostnaðar.

Lykilatriði er að í fjármálaáætlun og fjárlögum verði gert ráð fyrir fjárheimildum til þess að styðja við framkvæmd samkomulagsins. Það getur eftir atvikum átt við um framkvæmd einstakra aðgerða í viðauka og einnig við framkvæmd samninga við einstök sveitarfélög, svo sem um innviðaverkefni.

Ein helsta aðstoðin sem löggjafinn getur tryggt er að endurskoða ráðstöfun skipulagsgjalds. Innheimt skipulagsgjald árið 2020 nam 651 m.kr. Af þeirri fjárhæð rennur aðeins hluti til skipulagsgerðar sveitarfélaga og er fjárheimild svo naumt skömmtuð að Skipulagssjóður greiðir nú aðeins um 2/3 af þeim beiðnum sem berast frá sveitarfélögum, eða 76,5 m.kr. á þessu ári. Allir hljóta að sjá að þetta er óviðunandi og er skorað á fjárlaganefnd og innviðaráðuneyti að móta tillögur um úrbætur. Vert er að undirstrika að endurskoðun aðalskipulags mun víða hefjast á næstunni auk þess sem samningar við HMS um fjölgun íbúða munu kalla á breytingar á skipulagi.

Einnig er Skipulagssjóði ætlað að fjármagna þróunarverkefni, svo sem stafræna Skipulagsgátt, sem er mikilvægur þáttur í stafrænni þróun sveitarfélaga.

Byggðamál

Þann 15. júní sl. samþykkti Alþingi þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036 þar sem kveðið er á um fjölda mikilvægra verkefna sem ætlað er að jafna búsetuskilyrði um allt land. Í umsögn Byggðastofnunar er farið vel yfir byggðaáætlun og tengingu hennar við fjármálaáætlun.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að tímabundin 100 m.kr. hækkun til sóknaráætlana falli niður. Sóknaráætlanirnar gegna afar mikilvægu hlutverki fyrir alla landshluta og byggðapróun í landinu. Mikilvægi þeirra er viðurkennt í stjórnarsáttmálanum en þar er sérstaklega tiltekið að áfram verði unnið að eflingu sóknaráætlana. Það skýtur því skökku við að ekki séu settir auknir fjármunir í verkefnið. Sambandið leggur mikla áherslu á að auknum fjármunum verði varið til sóknaráætlana landshlutanna. Best væri að föst framlög yrðu hækkuð varanlega en annars að lágmarki að tímabundið 100 m.kr aukafjármagn verði framlengt.

Hringrásarhagkerfið

Sveitarfélögin eru almennt komin vel á veg við að innleiða hringrásarhagkerfi en markmið þess er að bæta úrgangsmeðhöndlun hér á landi. Ljóst er að útgjöld sveitarfélaga munu aukast vegna hertra krafna um sérsöfnun ásamt því að möguleikar þeirra til að afsetja úrgang með urðun þrengjast. Hlutfallslega má vænta þess að útgjöld sveitarfélaga á landsbyggðinni aukist mest vegna hærri flutningskostnaðar úrgangs sem áður hefði farið í urðun nærri upprunastað. Þessum aukna kostnaði munu sveitarfélögin almennt mæta með því að hækka þjónustugjöld fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs. En einnig er gert ráð fyrir því að framleiðendur og innflytjendur vara sem falla undir kerfi framleiðendaábyrgðar greiði hærri hlutdeild en áður í framkvæmd laganna. Þetta gildir t.d. um kostnað við sérsöfnun tiltekinna úrgangsflokka og við sorphirðu á víðavangi, svo sem plastsöfnun á strandsvæðum.

Ein af lykilforsendum til að þessar breytingar takist farsælega er að hér takist að koma á sátt um skilvirkt og gegnsætt framleiðendaábyrgðarkerfi, en mikil umræða er um þörf fyrir úrbætur á starfsemi Úrvinnslusjóðs í kjölfar skýrslu Ríkisendurskoðunar um starfsemi hans. Lykil markmið þarf að vera að í kerfinu felist hvatar til þess að auka endurnýtingu og endurvinnslu úrgangsefna en á það skortir í dag.

Einnig þarf að bæta verulega allt utanumhald um tölfræði málaflokksins, svo unnt verði að gera áreiðanlegar áætlanir um magn úrgangs sem til fellur og sannreyna að úrgangsstraumar fari í réttan farveg, til meðhöndlunar eða

eftir atvikum förgunar. Fleiri verkefni þarf einnig að ráðast í á árinu 2023 til að ljúka innleiðingarvinnunni, en þegar á heildina er litið hefur tekist mjög gott samstarf um þessa vinnu. Ganga þarf úr skugga um að fjárheimildir nægi til nauðsynlegra verkefna.

Átak í brunavörnum

Skýrsla sem HMS birti í október um stöðu brunavarna leiðir berlega í ljós að mikil þörf er fyrir úrbætur í málaflokknum. Stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga hefur fjallað um skýrsluna og óskað í framhaldi eftir samstarfi við innviðaráðuneytið og HMS um gerð aðgerðaáætlunar til að vinna með niðurstöður úttektarinnar ásamt því að vinna að frekari umbótum. Fyrirséð er að kostnaður sveitarfélaga verður verulegur og að verkefnið mun taka einhver ár. Einnig eru í skýrslunni tillögur sem snúa beint að ríkinu og má einkum benda á þörf fyrir færanlegan búnað til varna gegn gróðureldum.

Það er algerlega óviðunandi að ekki hafi enn fundist fjármagn til að kaupa slökkviskjólur fyrir þyrlur Landhelgisgæslunnar til að tryggja stuðning úr lofti við slökkvistarf á víðavangi, en þessi búnaður mun kosta í kringum 100 m.kr.

Tilfni er til umræðu um til hvers allir húseigendur hér á landi borga byggingaröryggisgjald (áður brunaöryggisgjald) sem rennur í ríkissjóð. Eðlilegt væri að þessi tekjustofn rynni að öllu leyti eða a.m.k. að hluta til sveitarfélaga til að fjármagna rekstur slökkviliða. Lágmarkskrafa er að fundin verði leið til þess að nýta hluta þessara tekna til að fjármagna fyrrgreint átak.

Fiskeldisgjald

Aðeins þriðjungur innheimts fiskeldisgjalds rennur til sveitarfélaga í gegnum sérstakan sjóð, Fiskeldissjóð, sem úthlutar fjármagni til sveitarfélaga eftir umsóknum. Það er krafa þeirra sveitarfélaga sem málið varðar að sjóðurinn verði lagður niður og þau fái 80% af tekjum af fiskeldisgjaldi. Kemur þessi krafa skýrt fram í öðrum umsögnum. Hækkun fiskeldisgjalds úr 3,5% í 5% kemur á óvart og ekkert samráð verið haft við þau sveitarfélög sem málið varðar. Vísast í því sambandi til umsagnar Vestfjarðarstofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Menntamál og farsæld barna

Í fyrri umsögnum um fjárlagafrumvörp hefur sambandið ítrekað bent á að stjórnsýsla menntamála er fjársvelt og að þörf er á mun markvissari miðlægum stuðningi við grunnmenntun til að tryggja jafnrétti til náms um allt land. Námsfnisgerð hefur jafnframt verið verulega vanfjármögnuð. Jákvætt er að með stofnun mennta- og barnamálaráðuneytis færast aukin áhersla á að efla grunnmenntun. Þess sér að ákveðnu marki stað í fjárlagafrumvarpi að vilji er til þess að auka fjárheimildir til málefnasviða ráðuneytisins. En á sama tíma er þó gerð umtalsverð hagræðingarkrafa sem

hlýtur að vekja spurningar um hvort nauðsynlegar umbætur í menntamálum muni ná fram að ganga.

Í tengslum við samþykkt laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna samþykkti Alþingi 1,1 ma.kr. fjárframlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Fjármuninum er ætlað að standa undir kostnaði við að koma upp tengiliðum og málstjórum í samræmi við ákvæði laganna. Ljóst er að um viðamikið verkefni er að ræða og fyrirséð að þetta fjárframlag muni ekki nægja. Mikill samhljómur er engu að síður um að hér er um mikið framfaramál að ræða sem sveitarfélög vilja að hljóti framgang.

Eftir stendur að fjármagna nauðsynlegar og fjölpættar aðgerðir í þágu barna svo að markmiði laganna um einstaklingsbundinn og markvissan stuðning nái fram að ganga. Fjölga þarf í starfsstéttum þeirra sérfræðinga sem vinna með börnum, tryggja úrræði fyrir öll börn óháð uppruna og búsetu sem þurfa á stuðningi að halda og stytta biðlista eftir þjónustu.

Lokaorð

Sambandið hefur oft í sínum umsögnum bent á hversu flókin framsetning fjárlagafrumvarpa er og hversu erfitt er að gera sér grein fyrir fjármögnun verkefna. Full ástæða er til að ítreka enn og aftur þessa ábendingu.

Sambandið væntir þess að fá tækifæri til að gera frekari grein fyrir þessari umsögn á fundi með fjárlaganefnd.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


